

Nd.

108. Frumvarp til laga

[62. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Auk þeirrar hækkunar á bótum samkvæmt almannatryggingalögum, sem ákveðin hefur verið með lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., skulu bótafjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 13., 14., 15., 17., 18., 21., 23., 37. og 38. gr. laganna, hækka frá og með 1. september 1958 um 9½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að helztu bótagreinar almannatrygginganna verði frá 1. september 1958 hækkaðar um 9½% til samræmis við þá hækkun, sem varð á dagkaupi verkamanna í almennri dagvinnu í síðastliðnum septembermánuði.

Bótagreinar þær, sem hér er um að ræða, eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir svo og aðrar þær bætur, sem miðaðar eru við elli- og örorkulífeyri, en þær eru þessar: Makabætur, mæðralaun, ekkjulífeyrir, uppbót á elli- og örorkulífeyri allt að 100%, sbr. 23. gr., svo og slysabætur, þegar um er að ræða varanlega örorku eða dauða, sbr. 37. og 38. gr.

Útgjaldaaukning sú, sem frumvarp þetta hefur í för með sér, ef að lögum verður, á tímabilinu 1. september til 31. desember miðað við 185 stiga vísitölu, mun verða ca. 4.0 millj. króna, en af þeirri fjárhæð koma 33% í hlut ríkissjóðs samkvæmt 24. gr. laganna, eða ca. 1.3 millj. króna.

Á árinu 1959 mun þessi útgjaldaaukning Tryggingastofnunar ríkisins miðað við fjárlagavísitöluna 183 stig verða samtals 11.0 millj. króna, þar af koma 33% í hlut ríkissjóðs, eða ca. 3.6 millj. króna.

Hækkun á bótum samkvæmt 37. og 38. gr. hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs, þar eð hér er um að ræða slysabætur, sem atvinnurekendur greiða að fullu með iðgjöldum sínum. Að sjálfsögðu kemur það einnig á ríkissjóð að því leyti, sem ríkið er atvinnurekandi.

Bótagreinar þær, sem hér eru undanskildar hækkun, eru þessar: Fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur, þriggja- og níu mánaða bætur til ekkna, slysadagpeningar samkvæmt 36. gr., viðbótardánarbætur samkvæmt 39. gr., sjúkradagpeningar samkvæmt 53. gr. svo og hámark þriggja mánaða fæðingarstyrks samkvæmt 84. gr. laganna.